

Páll Lyðsson sextugur.

—x—

1869 — 23. jan. — 1929.

—x—

Páll í Hlíð (í Eystra-hreppi) er einn af mínum bestu vinum og þess maklegur, að eg minnist hans að nokkru á sextugsafmæli hans í dag, ef honum og öðrum mætti verða til ánægju og gagns, þó að ekki væri nema litillega. Mér kom þegar í hug, er eg sá Pál í fyrsta skifti, að þar væri piltur, sem ekki væri einskisvert að eiga fyrir vin, og í öll þau mörgu ár, seni síðan eru liðin, hefi eg aldrei komist á aðra skobun. Hygg eg að Páll sé einn af vitrustu og bestu mönnum, sem eg hefi kynst. Og oft hefir mér komið í hug, að vildi einhver i sem stystu máli gera grein fyrir því, að íslensk menning skyldi hó bjargast yfir verstu aldirnár, þegar landið var nálega óbyggilegt, þá mætti segja: Það var af því, að svo mikið hefir verið til hjá íslenskri alþýðu af þeim kostum, sem Páll í Hlíð hefir til að bera á svo háu stigi, viti, þrautseigju og greiðvikni.

Páll er maður, sem á mjög annríkt; hann þarf eigi einungis að hugsa fyrir búi sínu, heldur einnig að nokkru leyti fyrir sveitum sínum, því að hann er hreppstjóri þeirra; hann gerir mörgum greiða með hagleik sínum, því að hann er smiður góður á fré og nálma; og hann vinnur strítvinnuna með og dregur ekki af sér, því að hann er verkmaður ágætur.

En ef tómstund verður, þá er hugurinn mikill á að geta varið henni til að lesa, því að hann er fróðleiksgjarn mjög, eins og vænta mátti um sve gáfaðan mann. Má því nærrí geta að honum sé ekki um að vera tafinn. En það er til marks um geðprýði Páls, að aldrei hefi eg heyrt hann segja eitt óþolinmæðisorð — og ekki heldur á bak — þó að menn kæmu og tefdu hann, eða reyndu á greiðvikni hans. Það er, eins og kunnugt er, mjög oft á jörðu hér að gæfa fer ekki eftir verðleikum, en um Pál í Hlíð er óhætt að segja, að hann hefir verið gæfumaður. Heilsan hefir verið traust, svo að hann hefir þolað stritið. Hann á góða kenu, Ragnheiði Einarsdóttur, systur Gests heitins á Hæli, og börn, sem bæði eru vel viti borin og dugieig.

Margt fleira kemur mér í hug, sem eg mundi vilja skrifa um þennan vin minn, og landið, sem hann hefir lagt svo mikla vinnu í, og Hlíðar-heimilið, en það verður að bíða betri tíma. En um foreldra Páls og Hlíðar-heimilið á þeirra dögum, var fyrir nokkrum árum skemtileg grein í „Óðni“, eftir Einar Jónsson, myndasmið.

Helgi Pjeturss.

Visir 23. jan 1929